

## Umsögn um drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun

Sendandi: Árni Geirsson, 1312602379

Í 9. grein er kveðið á um það að almennt skuli land þjóðgarða vera ríkiseign og í skýringum vísað til hliðstæðs ákvæðis í 47. gr. náttúruverndarlaga. Þetta ætti að vera alger óþarfi og nægir að benda á fjölmörg erlend fordæmi um hið gagnstæða. Friðlýsingar af ýmsu tagi geta verið mikilvæg tæki til byggðapróunar og atvinnusköpunar sem á að nýtast bæði einkaaðilum og hinu opinbera. Æskilegast væri að fella hliðstætt ákvæði úr 47. grein laga um náttúruvernd.

Ákvæði um alla þjóðgarða þyrftu að vera sem best samræmd og sem minnstar sérútfærslur fyrir hvern um sig, a.m.k. hvað varðar þá þætti sem snúa að Þjóðgarðastofnun. Þannig væru t.d. stjórnir eins skipaðar og gefin almenn regla um skipun svæðisráða sem gildi nema sérstök ákvæði sé að finna um skipun þeirra í sérlögum um einstök svæði. Á sama hátt þyrftu ákvæði um réttaráhrif stjórnunar- og verndaráætlana að vera þau sömu fyrir alla þjóðgarða.

Það er sérkennilegt að stjórnunar- og verndaráætlanir skuli unnar á ábyrgð forstjóra Þjóðgarðastofnunar eins og segir í 2. mgr. 28. gr. en meðal hlutverka stjórna er að hafa yfirumsjón með gerð þeirra eins og segir í 19. grein. Eðlilegt er að stjórnir beri ábyrgð á þessum áætlunum.

Sömu ákvæði er að finna í lögum um málsmeðferð fyrir stjórnunar- og verndaráætlanir og gilda í sérlögum fyrir Vatnajökulspjóðgarð. Þar sem þessar áætlanir ganga a.m.k. í sumum tilfellum framur skipulagsáætlunum er ekki órökrétt að kveða á um hliðstæða málsmeðferð og kveðið er á um fyrir aðalskipulag í skipulagslögum. Þá myndi bætast við krafa um kynningu verkefnislýsingar í upphafi og um kynningu tillögu á vinnslustigi. Hvorugt er ávísun á mikla fyrirhöfn en samráðsgildið er ótvírætt.

Ekki kemur fram hvort Þjóðgarðastofnun er ætlað hlutverk við rekstur þjóðlendna. Það er þó mikilvægt að það sé skoðað því þjóðlendur þurfa rekstur og umsjón og Þjóðgarðastofnun væri vel til þess fallin. Full ástæða er til að skoða nauðsynlegar breytingar á lögum um þjóðlendur í samhengi við lög um Þjóðgarðastofnun, rétt eins og aðlaga þarf lög um náttúruvernd. Gildandi þjóðlendulög innihalda nánast engin ákvæði um rekstur og umsjón.

Af lögum má skilja að ekki standi til að breyta því hvernig afmörkun verndarsvæða er skilgreind. Þetta fyrirkomulag hefur tvo galla. Annars vegar þann að skilgreining afmörkunar kemur fram í textalýsingu í reglugerð og er því opin fyrir túlkun textans. Miklu nær er að tryggja einhlíta afmörkun með tölulegum hnitum og má segja að það sé krafa nútímans þegar fjölmargir aðilar kalla eftir nákvæmum landupplýsingum við ýmis viðfangsefni. Hinn gallinn er að engum sérstökum aðila er falið það hlutverk að vera útgefandi landupplýsinga um afmörkunina. Þetta er alvarlegt vandamál sem á við um flestar landupplýsingar íslenskrar stjórnarsýslu, t.d. um sveitarfélagamörk og stórstraumsfjöruborð. Þetta hefur meðal annars þær afleiðingar að hægt gengur að innleiða lög um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar, nr. 44/2011. Hér er um þjóðþrifamál að ræða og upplagt að setja í lög um Þjóðgarðastofnun skýr ákvæði um það að henni sé falið það hlutverk að gefa út og viðhalda landupplýsingum um afmörkun verndarsvæða.